

Breytingartillaga númer 10

Grein 7-Fulltrúar tilnefndir í stjórnir annarra félaga. Núverandi orðalaga: Stjórn félagsins tilnefnir einn mann í stjórn Þjónustusetur líknarfélaga til tveggja ára í senn.

Verður: Stjórn félagsins tilnefnir framkvæmdastjóra félagsins í stjórn Setursins.

Greinargerð: Eðlilegt er að framkvæmdastjóri sitji í þessari stjórn þar sem hann vinnur á staðnum þar sem Setrið leigir félaginu skrifstofu undir starfsemi félagsins. Einnig hefur Þjónustusetur líknarfélaga breytt um nafn í Setrið.

Breytingartillaga númer 11

Grein 7-Fulltrúar tilnefndir í stjórnir annarra félaga: Núverandi orðalag: Stjórn félagsins tilnefnir einn aðalmann til setu í aðalstjórn Öryrkjabandalags Íslands til tveggja ára í senn og einn stíl vara. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa á aðalfund Öryrkjabandalags Íslands til tveggja ára í senn í samræmi við gildandi reglur bandalagsins .

Verður: Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa til setu á aðalfundi ÖBÍ í samræmi við lög og gildandi reglur bandalagsins.

Greinargerð: Með breyttum lögum ÖBÍ á Félag nýrnasjúkra ekki lengur fast stjórnarsæti í stjórn bandalagsins, aðeins rétt á setu á aðalfund.

Aðalfundur Félags nýrnasjúkra verður haldinn þann 14. maí næstkomandi kl. 17:00. Fundurinn verður haldinn að Hátúni 10 í Reykjavík. Hefðbundin dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins ásamt auglýstum lagabreytingum. Rétt til fundarsetu og kosninga hafa skuldlausir félagsmenn.

Félag nýrnasjúkra hefur eignast þrjá nýja stuðningsfulltrúa sem veita jafningjastuðning í gegnum stuðningsnet.is. Þeir luku námskeiði á vegum Stuðningsnetsins þann 18. febrúar síðast liðinn. Þetta eru þeir Ragnar K. Kristjánsson, Svanur Þór Halldórsson og Gunnar Árnason. Félagið þakkar þeim þeirra mikilvæga framlag og óskar þeim velfarnaðar í starfi.

Útgefandi: Félag nýrnasjúkra, Hátúni 10, 105 Reykjavík
Ritstjóri Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Ábyrgðarmaður Björn Magnússon. Sími: 561 9244, nyra@nyra.is. www.nyra.is.
Facebook: Félag nýrnasjúkra. Skrifstofan er opin þriðjudaga og föstudaga kl. 11 til 17. Svarað er í síma félagsins alla daga.



Nýrað

FRÉTTABRÉF

1.tbl. 32 árg. 2019

Efnisyfirlit:

- **Kvenfélag Selfoss**
- **Opið hús 2. apríl**
- **Lagabreytingar**
- **Aðalfundur 2019**
- **Stuðningsfulltrúar**

Kvenfélag Selfoss kom færandi hendi á opið hús hjá Félagi nýrnasjúkra þann 5. þessa mánaðar. Kvenfélagskonur gáfu Félagi nýrnasjúkra veglega peningagjöf upp í nýja vigt á blóðskilunardeild Landspítalans. Færir félagið þeim sínar bestu þakkir fyrir stuðninginn.



Opið hús verður hjá Félagi nýrnasjúkra, þriðjudaginn 2. apríl klukkan 17.00, að Hátúni 10. Dagskrá: Kynning á félaginu og stefna félagsins rædd. Frambjóðendur til stjórnar næsta starfsárs mæta til skrafs og ráðagerða.

Kynning á lagabreytingum sem bornar verða upp á aðalfundi þann 14. maí 2019. Félögum er hér með gefinn kostur á að láta í ljós skoðanir sínar á þessum breytingum. Vinsamlega sendið athugasemdir inn á nyra@nyra.is eða í síma 561 9244.

Breytingartillaga númer 1

Grein 1-Nafn félagsins. Núverandi orðalag: Nafn félagsins er Félag nýrnasjúkra.

Verður: Nafn félagsins er Nýrnafélagið.

Greinargerð: Það er of þröng skilgreining að hafa tiltekinn sjúkdóm í nafni félagsins þar sem fjölmargir aðilar eru félagar sem hafa ekki verið greindir með nýrnasjúkdóm eins og nýragjafar og aðstandeundur nýrnasjúkra. Einnig eru margir sem hafa læknast af sjúkdómnum og vilja ekki kenna sig við hann en vilja styrkja félagið. Svo er ekki jákvætt að einblína á sjúkdóminn sjálfan heldur þann ábata sem allir hafa af því að vera félagslega virkir og þar með að fá þann stuðning sem því fylgir að vera í félaginu.

Breytingartillaga númer 2

Grein 2-Tilgangur félagsins. Núverandi orðalag: Félagið nær tilgangi sínum með því: Að veita þeim aðstoð sem veikjast af alvarlegri nýrnabilun þannig að þeir geti unnið úr því áfalli sem það er að missa heilsuna.

Verður: Félagið nær tilgangi sínum með því: Að veita þeim aðstoð sem veikjast af nýrnasjúkdómum.

Greinargerð: Orðalagsbreyting.

Breytingartillaga númer 3

Grein 2-Tilgangur félagsins. Núverandi orðalag: Að halda uppi fræðslu um nýrnasjúkdóma og kjör þeirra sem þjást af alvarlegri nýrnabilun.

Verður: Að halda uppi fræðslu um nýrnasjúkdóma og kjör þeirra sem haldnir eru þeim sjúkdómum.

Greinargerð: Orðalagsbreyting.

Breytingartillaga númer 4

Grein 2-Tilgangur félagsins. Innskot á eftir: Að fylgjast með og kynna nýjungar á sviði meðferðar sjúkdóma í nýrum. Núverandi orðalag: Ekkert.

Verður: Að halda uppi fræðslu um forvarnir til að koma í veg fyrir nýrnasjúkdóma eins og kostur er.

Greinargerð: Fræðsla er nauðsynleg til að minnka nýgengni nýrnasjúkdóma en algengasta orsökina á Íslandi er of hár blóðþrýstingur.

Breytingartillaga númer 5

Grein 2- Tilgangur félagsins. Núverandi orðalag: Að efla samstarf við lækna og hjúkrunarfræðinga og aðra þá sem láta sig varða heilbrigði og velferð nýrnasjúkra.

Verður: Að efla samstarf við lækna og hjúkrunarfræðinga og aðra þá sem láta sig varða heilbrigði og velferð nýrnasjúkra og nýragjafa.

Greinargerð: Innskot.

Breytingartillaga númer 6

Grein 3-Félagar. Núverandi orðalag: Félagar geta allir orðið sem þess óska og hafa áhuga á að styrkja málstað nýrnasjúkra.

Verður: Allir geta orðið félagar sem þess óska og hafa áhuga á að styrkja málstað félagsins.

Greinargerð: Orðalagsbreyting.

Breytingartillaga númer 7

Grein 4-Aðalfundur. Núverandi orðalag: Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins fyrir lok janúarmánaðar og skulu þær fylgja aðalfundarboði.

Verður: Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins fyrir lok febrúar og skulu þær fylgja aðalfundarboði.

Greinargerð: Þar sem aðalfundur er oftast haldinn í maí, þykir heppilegra að stytta þennan tíma.

Breytingartillaga númer 8

Grein 5-Stjórn félagsins. Núverandi orðalag: Prókúruhafi er stjórn félagsins eða sá stjórnarmaður sem hún veitir slíkt umboð.

Verður: Prókúruhafi er framkvæmdastjóri félagsins og sá stjórnarmaður sem stjórnin veitir slíkt umboð.

Greinargerð: Framkvæmdastjóri þarf að vera með prókúru ásamt einum félagi úr stjórn, hvort sem það er gjaldkeri eða formaður.

Breytingartillaga númer 9

Grein 7-Fulltrúar tilnefndir í stjórnir annarra félaga. Núverandi orðalag: Fulltrúar tilnefndir í stjórnir annarra félaga..

Verður: Fulltrúar tilnefndir til setu á aðalfundum eða í stjórnir annarra félaga.

Greinargerð: Með breyttum lögum ÖBÍ á Félag nýrnasjúkra ekki lengur fast stjórnarsæti í stjórn bandalagsins, aðeins rétt á setu á aðalfundi.